

Jafnréttisnefnd Blönduóssbæjar

FUNDUR – 23. apríl 2003

Vinnufundur

Hinn 23. apríl kom jafnréttisnefnd saman til fundar á veitingahúsinu Við árbakkann.

Mætt
Jófríður Jónsdóttir
Ásta Þórisdóttir
Sigurður Jóhannesson, mætti í stað Nínu Pálmadóttur

Dagskrá

1. Jafnréttisáætlun
2. Önnur mál

1. Jafnréttisáætlun

Fjallað var um einstaka þætti draga að jafnréttisáætlun. Nokkar umræður urðu um einstakar greinar, og hversu langt ætti að ganga varðandi skilyrðingu á jöfnu kynjahlutfalli við skipan í nefndir.

Nokkur umræða varð um Jafnréttisáætlun sem stefnumarkandi skjal og framkvæmdaáætlun hinsvegar. Ákveðið var að skilja þarna á milli og ganga frá jafnréttisáætlun til kynningar fyrir bæjarfulltrúum og forstöðumönnum deilda, en bíða með vinnu að framkvæmdaáætlun þar til hugsanlegar ábendingar og athugasemdir hefðu borist frá ofangreindum aðilum.

2. Önnur mál.
Engin

Stefnt er að næsta fundi þann 26. apríl næstkomandi.